

REGLUGERÐ**um raforkusölu Hitaveitu Suðurnesja.**

1. gr.

Með heimild í 5. gr. laga nr. 91 29. maí 1984 um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, sbr. lög nr. 26/1980, um Hitaveitu Suðurnesja hefur Hitaveita Suðurnesja yfirtekið rafveitur Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum, svo og rafveitur allra sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Samkvæmt því veitir iðnaðarráðherra hér með Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar.

Að öðru leyti og þar til öðru vísi verður ákveðið skulu eftirtaldar reglugerðir gilda áfram um raforkusölu á Suðurnesjum og rafveitu Hitaveitu Suðurnesja, eftir því sem við á:

Reglugerð nr. 198 24. nóvember 1945 fyrir rafveitu Keflavíkur.

Reglugerð nr. 98 21. maí 1947 fyrir rafveitu Miðneshrepps.

Reglugerð nr. 23 14. febrúar 1949 fyrir rafveitu Grindavíkur.

Reglugerð nr. 79 8. maí 1967 fyrir rafveitu Njarðvíkur.

Reglugerð nr. 112 6. apríl 1968 fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Reglugerð nr. 8 3. janúar 1983 fyrir rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur samið og sett er skv. heimild í lögum nr. 100 31. desember 1974, sbr. lög nr. 26/1980 og 91/1984, öðlast gildi 1. október 1985.

Iðnaðarráðuneytið 30. september 1985.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Halldór J. Kristjánsson.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkur-
kaupstað nr. 241 frá 26. mars 1981.**

1. gr.

Við 1. mgr. 25. gr. bætist eftirfarandi:

Bæjarráð getur leyft að listi sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. mars 1961, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þorgerður Benediksdóttir.